

# ÚTHLUTUN UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRÁ

## 2024



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRÁ



**SSNE**

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar  
á Norðurlandi eystra

# INNVIÐARÁÐHERRA

Það hefur verið afar ánægjulegt að fylgjast með hversu vel landshlutasamtökum sveitarfélaga hefur gengið að framfylgja því mikilvæga byggðapróunarverkefni sem sóknaráætlanir landshluta eru. Það var á minni vakt sem byggðamálaráðherra árið 2015 sem lög um sóknaráætlanir voru samþykkt á Alþingi og festu í sessi verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana og hef ég fylgst vel með framgangi þeirra í öllum landshlutum.

Hugmyndafræðin gengur út á að ákvarðanataka og ábyrgð eru færð heim í hérað. Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir sem byggja á samstöðu heimamanna í hverjum landshluta um framtíðarsýn, markmið og val á leiðum til að áætlunin nái fram að ganga. Úthlutanir úr uppbyggingarsjóðum landshluta taka mið af því og ráðstöfun fjármuna byggir á áherslum heimamanna, enda þekkja þeir best til aðstæðna.

Það er ávallt mikið fagnaðarefni að fylgjast með úthlutunum úr uppbyggingarsjóðunum, en nú er komin tíu ára reynsla á þetta fyrirkomulag. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra hafa staðið vel og faglega að úthlutunum styrkja og ánægjulegt að fylgjast með fjölbreyttum verkefnum verða að veruleika um allan landshlutann.

Sóknaráætlanir landshluta eru nýsköpun í stjórnsýslu og sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Það er sannfæring mín að þær hafa eftt og styrkt landshlutana og séu eitt besta tæki okkar í byggða- og samfélagsþróun.

Ég óska styrkþegum, sem og öllum íbúum Norðurlands eystra, til hamingju með úthlutunina sem ég trúí að verði landshlutunum öllum til heilla.



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

*Innviðaráðherra*

# MENNINGARRÁÐHERRA

Það er mér sérstök ánægja að leggja mitt af mörkum til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og taka þátt í að virkja þá uppsprettu menningar sem Norðurlandið býður upp á. Stjórnvöld hafa lagt höfuðáherslu á að efla íslenska tungu og er viðeigandi að vitna í þjóðskáldið okkar allra Matthías Jochumsson sem orti svo um íslenskuna:

Hvað er nú tungan? - Ætli enginn  
orðin tóm séu lífsins forði. -  
Hún er list, sem logar af hreysti,  
lifandi sál í greyptu stáli,  
andans form í mjúkum myndum,  
minnissaga farinna daga,  
flaumar lífs, í farveg komnir  
fleygrar aldar, er striki halda.

Framlög sveitarfélaga og ríkis til menningarmála á sem víðustum grunni eru mikilvæg til að færa samfélaginu okkar orku og súrefni til að vaxa og dafna. Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra gefur fjölbreyttum og metnaðarfullum verkefnum nauðsynlegan stuðning til að verða að veruleika. Þó fjárstuðningur sé mikilvægur þá blómstrar menningin eða hnífur aðeins fyrir tilstilli einstaklinga, og þar verður hlutur listafólks og listunnenda seint ofmetinn. Öflugt menningarlíf byggir öðru fremur á hugmyndaauðgi og sköpunargleði einstaklinga og hópa, sem hafa til að bera þann kraft sem þarf til að koma hlutunum í verk. Og styrkþegar Uppbyggingarsjóðsins síðustu tíu ár hafa staðið undir væntingum með eftirtektarverðum hætti.

Úthlutun tekur mið að áherslum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra sem felast í atvinnu- og nýsköpun, menningarmálum og umhverfis- og loftslagsmálum og ríma áherslur vel við leiðarstef núgildandi stjórnarsáttmála um efnahagslegar og félagslegar framfarir, vernd umhverfis, kraftmikla verðmætasköpun, jafnrétti kynjanna og jafnvægi byggða og kynslóða.

Ég vil búa menningarlífinu um allt land sterka umgjörð til þess að sækja fram og í menningarsókn þeirri sem kynnt var á haustmánuðum 2021 segir að stuðla skuli að jöfnu aðgengi lista um allt land, fjölbreyttari valkostum fyrir atvinnufólk í listum, fleiri tækifærum til þátttöku í menningarstarfi og ríkari framboði viðburða. Menningarsamningurinn við Akureyri myndar hryggjarstykkið í stuðningi hins opinbera við lista- og menningarlíf Norðlendinga og Uppbyggingarsjóðurinn veitir hinum margvíslegu og áhugaverðu verkefnum brautargengi. Ég óska öllum styrkþegum innilega til hamingju með úthlutunina og Norðlendingum öllum til hamingju með sitt öfluga starf á sviðum menningar, nýsköpunar og umhverfismála.



**Lilja Alfreðsdóttir**  
Menningar- og viðskiptaráðherra

# ÚTHLUTUNARNEFND OG FAGRÁÐ

Hlutverk úthlutunarnefndar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats og í takt við markmið Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Í úthlutunarnefnd sitja formenn fagráða SSNE eða fulltrúar þeirra, auk þriggja annarra sem skipuð eru á ársþingi SSNE.

## FAGRÁÐ ATVINNUÞRÓUNAR OG NÝSKÖPUNAR

Thomas Helmig, formaður fagráðs, Norðurþing  
Sigríður Róbertsdóttir, Eyjafjarðarsveit  
Preben Jón Pétursson, Akureyrarbær  
Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir, Fjallabyggð  
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Þingeyjarsveit

## FAGRÁÐ MENNINGAR

Hulda Sif Hermannsdóttir, formaður fagráðs, Akureyrarbær  
Anita Elefsen, Fjallabyggð  
Guðni Bragason, Norðurþing  
Kristín Sóley Björnsdóttir, Akureyrarbær  
Sigríður Örvarsdóttir, Eyjafjarðarsveit  
Sigurður Böðvarsson, Þingeyjarsveit

## FAGRÁÐ UMHVERFISMÁLA

Rut Jónsdóttir, formaður fagráðs, Akureyrarbær  
Ottó Elíasson, Akureyrarbær  
Guðmundur Sigurðsson, Akureyrarbær  
Salbjörg Matthíasdóttir, Norðurþing  
Arnar Stefánsson, Fjallabyggð

## ÚTHLUTUNARNEFND VEGNA 2024

Hilda Jana Gísladóttir, formaður  
Thomas Helmig, fulltrúi fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar  
Kristín Sóley Björnsdóttir, fulltrúi fagráðs menningar  
Rut Jónsdóttir, fulltrúi fagráðs umhverfismála  
Halldóra J. Friðbergadóttir  
Preben Jón Pétursson

# FRÁ FORMANNI ÚTHLUTUNARNEFNDAR

Kæru gestir, styrkhafar og íbúar á Norðurlandi eystra, það er mér heiður að fá að ávarpa ykkur hér í dag á þessari hátíðarstundu.

Í dag úthlutum við um 73,6 milljónum króna til 76 verkefna á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar á Norðurlandi eystra. Markmið sjóðsins er skýrt; að styðja við og efla verkefni á Norðurlandi eystra á sviði atvinnumála, nýsköpunar og menningar. Verkefni sem við höfum trú á að gagnist okkar svæði í þeirri sókn sem við viljum vera í. Við erum nefnilega í sókn, við höfum trú á framtíð svæðisins og við viljum vera þátttakendur í því að skapa hér umhverfi fyrir öflugt atvinnulíf, þar sem nýsköpun fær tækifæri til að þróast og menning blómstrar.

Verkefni 76 sem hljóta styrki hér í dag eru fjölbreytt og hefði nefndin sannarlega viljað hafa tækifæri til að styðja við enn fleiri verkefni, fyrir hærri upphæðir, en 123 umsóknir bárust okkur í ár. Að því sögðu er mikilvægt að muna að það er ekki sjálfsagt að fjármunir fáiast í verkefni Sóknaráætlunar. Ber að þakka sérstaklega menningar- og viðskiptaráðuneytinu og innviðaráðuneytinu og þá ekki síst ráðherra þeirra ráðuneyta þeim Lilju Alfreðsdóttur og Sigurði Inga Jóhannssyni. Sá pólitíski stuðningur sem þau hafa sýnt Sóknaráætlunum landshlutanna er sannarlega verðmætur. Við hjá SSNE höfum einnig skorað á fleiri ráðuneyti og ráðherra að taka þessi tvö ráðuneyti sér til fyrirmyndar og nýta farveg sóknaráætlunar landshlutanna, sem við teljum að hafi sannað mikilvægi sitt. Þá ber þess að geta að sveitarfélögin á Norðurlandi eystra veita einnig fjármunum í sóknaráætlun og það skiptir miklu máli að sveitarfélög á svæðinu taki með öflugum hætti þátt og sýni í verki að Sóknaráætlun okkar skipti máli.

Á sama tíma og við samgleðjumst með þeim sem fá styrki hér í dag, tel ég mikilvægt að minna okkur öll á þá vegferð sem við erum í. Við erum í ferðalagi sem snýst ekki aðeins um þá styrki sem við veitum hér í dag, heldur um það heildarmarkmið að efla Norðurland eystra sem svæði þar sem eftirsóknarvert er fyrir fjölbreyttan hóp fólks að verja lífinu.

Að lokum vil ég óska styrkhöfum innilega til hamingju með óskum um velfarnað í þeirra störfum. Þá vil ég þakka starfsfólki SSNE kærlega fyrir þeirra vinnu við kynningarstarf og ráðgjöf og þá vil ég þakka sérstaklega þeim Díönu Jóhannsdóttur, Ara Páli Pálssyni og Hildi Halldórsdóttir fyrir aðstoð við úthlutunarnefnd. Ég vil einnig þakka félögum mínum í úthlutunarnefnd fyrir ánægjulegt samstarf en þau eru Thomas Helmig, Preben Jón Pétursson, Kristín Sóley Björnsdóttir, Rut Jónsdóttir og Halldóra J. Friðbergdóttir



**Hilda Jana Gísladóttir**  
*Formaður úthlutunarnefndar*

# MIKILVÆGI SÓKNARÁÆTLUNAR NORÐURLANDS EYSTRA

Undanfarið ár hefur SSNE unnið að því að taka upp myndbönd þar sem styrkhafar úr Uppbyggingarsjóði kynna verkefni sín og fræða okkur stuttlega um það hvernig styrkurinn nýttist.

Hérna til hliðar má sjá myndband með Maríu Pálsdóttur þar sem hún kynnir fyrir okkur verkefnið Sultuplástur á Hælinu, sem hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði 2023.




Árið 2023 hlaut ferðaskr.ifstofan NorthEast Iceland á Bakkafirði styrk úr Uppbyggingarsjóði fyrir vetrarmarkaðsátaki fyrir Bakkafjörð. Í myndbandinu til hliðar má sjá viðtal við Þóri Örn Jónsson eiganda NorthEast Iceland sem og skemmtilegar klippur úr vetrarkynningarmyndbandinu.

Icelandic Eider fékk atvinnu- og nýsköpunarstyrk árið 2023 til að þróa og smíða fjaðratýnsluvél. Vélin er notuð til að hreinsa æðadún sem er síðan notaður í hágæðavörur. Í myndbandinu hér til hliðar segir Árni Rúnar Örvarsson, yngsti æðarbóndi landsins, okkur frá vélinni og hvernig styrkurinn úr Uppbyggingarsjóði nýttist.



# TÖLFRÆÐI UMSÓKNA

## FJÖLDI UMSÓKNA EFTIR TEGUND



**Sérstök áhersla var lögð á umhverfispátt í yfirferð umsókna í ár** en sótt var um verkefnastyrki á sviði menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar, sem og stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar, samtals að upphæð 208.869.746 kr.

Alls bárust 123 umsóknir.

Umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar voru 10. Heildarupphæð umsókna var 23.250.517 kr., fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 52.921.037 kr.

Umsóknir um verkefnastyrki á sviði menningar voru 70. Sótt var um 94.867.411 kr. fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 273.802.436 kr.


Umsóknir um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar voru 43. Sótt var um 90.751.818 kr. fyrir verkefni sem voru að heildarkostnaði metin á 240.477.804 kr.

Alls var því sótt um 208.869.746 kr. fyrir 123 verkefni sem voru í heildina metin á 567.201.277 kr.

# TÖLFRÆÐI UMSÓKNA

## FJÖLDI STYRKJA EFTIR TEGUND

**Samtals var úthlutað 73,6 m.kr.**



Til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði NE fyrir árið 2024 voru **samtals 73,6 m.kr.**

Alls voru **76 verkefni styrkt af 123 umsóknum**, sem samsvarar 62% árangurshlutfalli.

**9 umsóknir af 10 um stofn- og rekstrarstyrki hlutu brautargengi í ár** sem samsvarar 90% árangurshlutfalli. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 46%. Alls var styrkupp hæð 10.800.000 kr.

**44 umsóknir af 70 um verkefnastyrki á sviði menningar hlutu brautargengi í ár**, sem samsvarar 63% árangurshlutfalli. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 41%. Alls var styrkupp hæð 38.661.700 kr.

**23 umsóknir af 43 um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hlutu brautargengi í ár**, sem samsvarar 53% árangurshlutfalli. Meðaltal þess hlutfalls sem styrkhafar hlutu, af þeirri fjárhæð sem þeir sóttu um, var 27%. Alls var styrkupp hæð 24.130.500 kr.



# STYRKHAFAR UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRÁ 2024

ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN



## UMSÆKJANDI: AKUREYRARBÆR

VERKEFNI - AFTUR TIL GRÍMSEYJAR  
UPPHÆÐ STYRKS 650.000 KR.

Vorið 2024 verður blásið til markaðssetningar á Grímsey með stuðningi Sóknaráætlunar Norðurlands eystra en ferðamennska í Grímsey beið mikinn skaða af niðurfellingu ferjusiglinga. Árin fyrir heimsfaraldur hafði töluverðum fjármunum verið varið til að vekja vitund ferðafólks á því sem eyjan á heimskaupsbaugnum hefur að bjóða og nú er brýnt að blása nýju lífi í ferðamenskuna.

## UMSÆKJANDI: BETRI FAGMENN EHF.

VERKEFNI - BETRI VERKFÆRI  
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Verkefnið Betri verkfæri er hugarústur málameistarar sem vill nýta reynslu sína og áhuga á að bæta og auðvelda vinnu málara. Stór hluti málningarvinnu er handverk og þess vegna mikilvægt að handverkfærin, sem notuð eru, henti vel og geri vinnuna auðveldari. Afurð þessa verkefnis, gerir einmitt það og verður góð viðbót og nýtt hentugt verkfæri fyrir bæði fagmenn og almenning.

## UMSÆKJANDI: EIGNARHALDSFÉLAG HARÐBAK 2 EHF.

VERKEFNI - HÖNNUN GÖNGUSTÍGA OG BÍLASTÆÐIS Á HRAUNHAFNARTANGA  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Landeigendur á Harðbak hafa áform um að gera göngustíg, bílastæði og áningarstað með upplýsingaskiltum við vitann á Hraunhafnartanga. Eignarhaldsfélag í eigu landeigenda hefur nú hlotið styrk frá Sóknaráætlun Norðurlands eystra til að hefja hönnun á þessum tilvonandi áningarstað ferðamanna, en Hraunhafnartangi er nyrsti tangi á meginlandi Íslands.

## UMSÆKJANDI: EIMUR

VERKEFNI - GLATVARMÍ Á BAKKA  
UPPHÆÐ STYRKS 1.390.000 KR.

Verkefnið Glatvarmi á Bakka, er samstarfsverkefni Eims, PCC Bakka Silicon og Orkuveitu Húsavíkur. Markmið verkefnisins er að svara því hvort hagkvæmt sé að nýta glatvarma frá verksmiðju PCC Bakka Silicon á Bakka við Húsavík, ýmist í aðra iðnaðarstarfsemi í Grænum iðngörðum eða fyrir hitaveitu á svæðinu.

### UMSÆKJANDI: FERÐAMÁLAFÉLAG HRÍSEYJAR

VERKEFNI - VÖRUPRÓUN Á VETRARFERÐUM Í HRÍSEY  
UPPHÆÐ STYRKS 230.000 KR.

Ferðamálafélag Hríseyjar býður upp á núvitundarferðir frá Akureyri til Hríseyjar fyrir minni hópa. Í Hrísey verður farið í gönguferð eða gönguskíðaferð með leiðsögn, boðið upp á góðan mat úr eyjunni og nærumhverfi, kíkt á safn, fræðst um sögu eyjarinnar og jafnvel farið í sund. Markmiðið er að njóta kyrrðar og hægagangs tímans í nálægð við náttúruna og orkuna frá Kaldbak.

### UMSÆKJANDI: FRÍÐRIK SNÆR TÓMASSON

VERKEFNI - ASKA STUDIOS  
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

Aska Studios er íslenskt tækniþróunarfyritæki, stofnað til að framleiða tölvuleiki. Félagið er í þróunarfasa á frumgerð síns fyrsta hugverks. Hugverkið er sögudrífinn tölvuleikjasería sem gerist í sci-fi ævintýraheimi. Markmiðið er að þróa einstaka sögu og upplifun fyrir notendur. Því er áorkað með því að leggja áherslu á grípandi sögu með söguhetjum sem þróast í gegnum seríuna.

### UMSÆKJANDI: GÍSLI ÞÓR BRYNJÓLFSSON

VERKEFNI - VÆTTIR ÍSLANDS  
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

Vinnuheiti verkefnisins er „Vættir Íslands“ en um er að ræða tölvuleik sem fellur undir eftirfarandi leikjaflokka, “Survival”, “Base building” og “Tower defence”. Leikjaveröldin og saga leiksins mun vera innblásin af Snorra Eddu, Vættum og norrænni goðafræði. Leikurinn mun snúast um hina klassísku baráttu góðs og ills. Spilun leiksins mun felast í því að byggja sér varnarvirki/skýli til að verjast hinu illa sem fer á stjá um nætur.

### UMSÆKJANDI: HEIÐDÍS BJÖRK GUNNARSDÓTTIR

VERKEFNI - DÝR & DEKUR FÆRANLEG DÝRASNYRTING  
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR.

Dýraeign hefur aukist á landsvísu síðustu ár og þörfin fyrir dýrasnyrti til samræmis við það, sérstaklega þar sem tegundum hunda sem verður að klippa hefur fjölgað mikið. DÝR & DEKUR, sem rekið er af Heiðdísi Björk faglærðum hundasnyrti, mun því útbúa færanlega aðstöðu til dýrasnyrtinga til að þjónusta þau svæði sem hafa ekki aðgengi að dýrasnyrti.

### UMSÆKJANDI: HRÖNN FANNDAL

VERKEFNI - ALDA ENDURVINNSLA  
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

Verkefnið snýst um að endurnýta einnota úrgangs plast sem fellur til í Fjallabyggð og þróa t.d. hellur og hleðslusteina til notkunar utanhúss. Varan sem hún ætlar að framleiða er umhverfisvænni og samkeppnishæf við sambærilegar vörur sem þegar eru á markaði sem eru unnar úr steypu. Bæði hvað varðar verð og gæði.

### UMSÆKJANDI: Í FLJÓTUM EHF.

VERKEFNI - NÆRANDI FERÐAÞJÓNUSTA Í FJALLABYGGÐ  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Nærandi ferðaþjónusta (e. Regenerative tourism) er heilðræn nálgun á ferðaþjónustu og þróun hennar þar sem áhersla er á að nálgast starfsemi hennar á forsendum nærumhverfis og -samfélags. Í Fjallabyggð verður gengist fyrir langtímastefnumótun þar sem megináhersla er lögð á að efla og næra mannlíf og náttúru. Unnið verður á forsendum heimamanna og leitað til þeirra um virka þátttöku í verkefninu til að tryggja að ferðaþjónustan í byggðarlaginu verði samfélagi og umhverfi til heilla til framtíðar.

### UMSÆKJANDI: ÍSLANDSPARI EHF.

VERKEFNI - FERLAÐRÓUN Á FRAMLEIÐSLU Á ÞARAÚTRÆTTI  
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Verkefnið hefur það að markmiði að auka verðmæti stórþarans sem verður safnaður undir annesjum á Norðurlandi. Felst það í því að þróa ferla og aðferðir til framleiðslu á lífförvandi þaraútrætti til notkunar í landgræðslu, landbúnaði og við ræktun, en stórþari hefur ekki verið notaður í slíka framleiðslu áður. Mikil eftirspurn er í heiminum eftir þaraútrætti sem þessum, þar sem hann er talinn umhverfisvænni en hefðbundinn áburður.

### UMSÆKJANDI: JÓHANN ÞÓR STEFÁNSSON

VERKEFNI - FJARFERÐAMENNSKA MEÐ DRÓNAFLUGI  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Langar þig að sjá staði sem þú hefur ekki getu eða ráð til að ferðast til? Eða sjá villt víðerni og dýralíf úr lofti - án þess að valda ágangi eða trufla náttúruna? Eina sem þú þarft er tölva með sæmilegri nettengingu. Hjá NatureEye á Íslandi getur þú skoðað Ísland úr lofti í rauntíma, tekið háskerpuljósmyndir, hlaðið niður í tölvuna þína, og flogið dróna með hjálp leiðsögumans úr tölvunni heima í stofu. Hvert vilt þú fljúga í dag?

### UMSÆKJANDI: LANGANESBYGGÐ

VERKEFNI - HUGVITSDVÖL Í KISTUNNI  
UPPHÆÐ STYRKS 1.100.000 KR.

Vinnuheimurinn er að þróast hratt og aukin áhersla á fjarvinnu. Fólk vill komast úr amstri dagslegs lífs í hraða stórborganna og komast í frið og næði. Kistan er nýopnað atvinnu- og nýsköpunarsetur í Langanesbyggð og snýr Hugvitsdvöl í Kistunni að því að taka á móti fræðafólki, frumkvöðlum, listafólki og fleirum sem vilja breyta um umhverfi, hreinsa hugann og dvelja á nýjum skapandi stað.

### UMSÆKJANDI: MARTIN VARGA

VERKEFNI - ORGANIC FERTILIZER - PROTOTYPE PRODUCT TESTING PHASE  
UPPHÆÐ STYRKS 1.254.000 KR.

Fertilizing Icelandic soil is an essential element in various relevant sectors such as food production, agriculture, soil conservation, reforestation and private gardening. This project aims to utilize available organic resources to develop an eco-friendly high quality fertilizer. The solution can help reduce reliance on imported artificial fertilizers, which are expensive and have environmental impacts.

### UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL EHF.

VERKEFNI - FERÐASKRIFSTOFA OG AÐPREYING FERÐAMANNA Á BAKKAFIRÐI  
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

North East Travel ehf. vill opna fjórhjólaleigu frá Bakkafirði sem býður upp á sumar- og vetraraðpreygingu, með fjölbreytt úrval ferða á völdum stöðum á Norðausturhorninu. Liður í því verkefni er að opna ferðaskrifstofu sem hefur það hlutverk að auka þjónustu við ferðamenn; þróa og selja dagsferðir, og þjónusta önnur ferðaðþjónustufyrirtæki. Þjónustan verður aðgengileg og sýnileg ekki aðeins á Bakkafirði, með staðarþjónustu, heldur einnig rafrænt í gegnum bókunarsíðu.

### UMSÆKJANDI: ORKEY EHF.

VERKEFNI - SJÁLFBÆR EFNAIÐNAÐUR OG ELDSNEYTISFRAMLEIÐSLA Í EYJAFIRÐI  
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Orkey ehf. hefur frá stofnun unnið efnavöru og eldsneyti úr úrgangsfitu og er eitt skýrasta úrgangs hringrásarverkefnið. Söfnun á hráefni er mikilvægur hluti af starfseminni og hefur félagið sýnt mikið frumkvæði í gegnum tíðina á því sviði. Með tilkomu fyrirhugaðs Líforkuvers í Eyjafirði mun framboð fituríks úrgangs aukast umtalsvert. Orkey ætlar sér að vera undir það búin að taka á móti þessum viðbótar fitustraumum og tryggja að unnin séu verðmæti úr hráefninu í héraði.

## ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN

### UMSÆKJANDI: REIMAR SIGURJÓNSSON

VERKEFNI - FUGLASKOÐUNARSKÝLI VIÐ FINNAFJARÐARÁ  
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR.

Verkefnið snýr að því að setja upp fuglaskoðunarhús við ós Finnaafjarðarár, en þar eru m.a. straumendur vor og haust. Skýlið yrði hluti af Fuglastíg Norðausturlands og hafa forsvarsmenn þess verkefnis líst yfir miklum áhuga. Umsækjandi mun sjálfur sjá um smíðar og uppsetningu og hafa af því ákveðna atvinnu. Skýlið verður að mestu gert úr rekavið, rétt eins og sjósundskýlið í Finnafirði sem umsækjandi byggði einnig með styrk úr Uppbyggingarsjóði.

### UMSÆKJANDI: SERENA SIMONA PEDRANA

VERKEFNI - RÆKTA MICROFARM  
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Verkefnið snýst um að bjóða upp á GMO-free og næringarríkar grænsprettur, sælkerasveppi og hampblóm fyrir nærsamfélagið á Akureyri. Það veitir holla og ferska íslenska vöru allt árið um kring og stuðlar að fæðuöryggi og dregur úr magni innfluttra vara og matarsóunar á Norðurlandi. Verkefnið hjálpar til við að fullnægja aukinni eftirspurn eftir hampblómum á íslenskum markaði og skapar náttúrulega, staðbundna og úrvalsvöru á svæðinu og dregur úr innflutningi á hampvörum frá öðrum löndum.

### UMSÆKJANDI: SIGURBJÖRN MÁR AÐALSTEINSSON

VERKEFNI - FÝSILEIKAGREINING Á LOFTFIRRÐRI GERJUN MEÐ HITAKÆRUM ÖRVERUM  
UPPHÆÐ STYRKS 1.856.500 KR.

Loftfirrð gerjuner hagkvæm leið til nýtingar á lífrænum úrgangi sem er víða notuð til framleiðslu lífmetans og lífræns áburðar. Verkefnið snýst um að gera fýsileikagreiningu á gas- og áburðagerðarstöð á Laugum sem nýttir jarðhita svæðisins fyrir loftfirrða gerjun á lífrænum úrgangi með hitakærum metanframleiðandi örverum til aukinnar hagkvæmni. Þetta er heildstæð lausn sem skapar verðmæti úr auðlindum svæðisins, leysir urðunarfanda sveitafélagsins og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### UMSÆKJANDI: SILLUKOT EHF.

VERKEFNI - ÞRÓUN Á HANDSÁPUM SEM Hafa SÖGULEGA OG STAÐBUNDNA TENGINGU  
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR.

Sillukot er lítið fjölskyldufyrirtæki staðsett á Gunnarsstöðum í Þistilfirði. Fyrirtækið leitast við að framleiða vörur úr náttúrulegum hráefnum þar sem löggö er áhersla á að nýta hráefni úr heimabyggð svo sem tólg og villtar jurtir. Markaður fyrir Sælusápur fer sífellt stækkanði og markhópurinn er breiður og því fylgja stöðugt nýjar áskoranir. Því er vöruþróun nauðsynleg til að styrkja og efla fyrirtækið.

### UMSÆKJANDI: STEPHANIE CLAUDIA SCHWARZ

VERKEFNI - HOLISTIC TOURISM IN NORTHEAST ICELAND  
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

The project "Holistic Tourism in Northeast Iceland" promotes the region of Northeast Iceland as a destination for mindful, conscious & holistic tourism, such as yoga & meditation retreats, coaching & personal growth travel and mindfulness conferences. It wants to invite a new type of tourism that allows a healthy and sustainable involvement of the region's natural resources, authentic local businesses and cultural heritage.

### UMSÆKJANDI: ÞEKKINGARNET ÞINGEYINGA

VERKEFNI - AFFALL EÐA AUÐLIND?  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Verkefnið „Affall eða auðlind?“ byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og snýst um áttak í svæðisbundinni nýsköpun á grunni hliðarafurða iðnaðar á Húsavík. Það er samstarfsverkefni Hraðsins og Eims og felur í sér skipulag og framkvæmd fræðsluráðstefnu um nýsköpun og sjálfbæra auðlindanýtingu. Á ráðstefnunni verða fræðsluerindi, vinnustofur og sýningar þar sem þátttakendur fá kynningu á helstu hliðarafurðum svæðisins og möguleikum á endurnýtingu þeirra.

### UMSÆKJANDI: ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON

VERKEFNI - DAGSKRÁRGERÐ Á NORÐAUSTURLANDI OG MYNDVER Á HÚSAVÍK  
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR.

Film Húsavík vinnur að uppbyggingu myndvers á Húsavík til að efla kvikmynda- og dagskrárgerð á svæðinu, auk þess að útbúa lítinn útsendingarbíl til að sinna upptöku viðburða á Norður- og Austurlandi.

# STYRKHAFAR UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRA 2024

## MENNING



### UMSÆKJANDI: FLYGILVINIR-TÓNLISTARFÉLAG VIÐ ÖXARFJÖRD

VERKEFNI - FLYGILVINIR MEÐ FJÖRKIPPI  
UPPHÆÐ STYRKS 300.000 KR.

Verkefni Flygilvina er ætlað að höfða til íbúa og veita þeim ánægjustundir við tónleikahald á vegum Flygilvina-tónlistarfélags við Öxarfjörð. Fengið verður framúrskarandi tónlistarfólk til að miðla íbúum Öxarfjarðarhéraðs af list sinni. Íbúarnir geta þannig öðlast innsýn í agnarsmátt brot af þeim töfraheimi tónlistar sem stendur íbúum höfuðborgarsvæðis og stærstu þéttbýliskjarnanna til boða.

### UMSÆKJANDI: AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - UNGSKÁLD 2024  
UPPHÆÐ STYRKS 1.020.000 KR.

Ungskáldaverkefninu er ætlað að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára á Norðurlandi eystra hvatningu og tækifæri á sviði skapandi skrifa, auka sýnileika, stækka tengslanet þeirra og auka líkur á atvinnutækifærum í ritlist. Verkefnið stendur fyrir ritlistakvöldum undir leiðsögn þekkttra rithöfunda, textasmiða og handritshöfunda, og er þessi leiðsögn þátttakendum algjörlega að kostnaðarlausu. Þá stendur verkefnið einnig fyrir upplestrarkvöldi og ritlistakeppni með veglegum peningaverðlaunum.

### UMSÆKJANDI: BRYNDÍS FJÓLA PÉTURSDÓTTIR

VERKEFNI - HULDUFÓLK OG ÁLFAR Í HEIMABYGGÐ  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Huldufólk og álfar í heimabyggð er ráðstefna í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 20. apríl 2024. Á ráðstefnunni verður sjónum beint að huliðsheimum á heildrænan hátt, út frá menningararfi, þjóðtrú og ferðaþjónustu á Íslandi en sérstaklega í Eyjafirði þar sem verðmætum heimildum hefur verið safnað og haldið til haga. Ráðstefnan fer fram á íslensku og er fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Hún er tileinkuð menningararfinum okkar sem snýr að huldufólki og álfum.

### UMSÆKJANDI: JÓN ÞORSTEINN REYNISSON

VERKEFNI - TRÍÓ MÝR  
UPPHÆÐ STYRKS 350.000 KR.

Trío Mýr flytur eigin útsetningar af verkum frá tíma Boccherini til Stravinskís, auk frumsaminnna tónverka sem innblásin eru af þjóðtónlist en samin í nútímalegum stíl. Tríoíð stefnir á tónleika í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 19. mars 2024.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐ Á SIGLUFIRÐI

VERKEFNI - ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐIN Á SIGLUFIRÐI 3.-7. JÚLÍ 2024  
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR.

Árlega er haldin þjóðlagahátíð á Siglufirði sem hefur það að markmiði að kynna þjóðlagaarf ólíkra þjóða og þjóðarbrota. Á hátíðinni hefur margskonar tónlist verið kynnt auk þess sem íslensk þjóðlög sitja ætíð í öndvegi. Þjóðlagahátíðin stendur frá miðvikudegi til sunnudags fyrstu heilu vikuna í júlí ár hvert. Auk tónleika er boðið upp á námskeið fyrir börn og fullorðna og þjóðlagaakademía stendur í þrjá daga með fyrirlestrum um íslenskan þjóðlagaarf og tónlist annarra þjóða.

### UMSÆKJANDI: UMSKIPTINGAR EHF.

VERKEFNI - MÓÐIR, KONA, MEYJA  
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

Móðir, kona, meyja er fræðandi tónlistaruppstand sem fjallar um kvenleika og konur í nútíma og fortíð. Verkið mun á einlæg og húmorískan hátt fjalla um allt frá staðalímyndum, níðvísnum og gervineglum til #metoo, andlegra áfalla og ofbeldis sem konur hafa orðið fyrir í gegnum tíðina. Rauður þráður verksins verður speglun á sögum skáldkvenna fyrri tíma og kvenna í dag og það sem tengir nútíð og fortíð saman eru ný lög, samin bæði við valin ljóð þessara kvenna og frumsamin ljóð.

### UMSÆKJANDI: KRISTÍN HEIMISDÓTTIR

VERKEFNI - KRISTJÁN FRÁ DJÚPALÆK KVEÐUR SÉR HLJÓÐS...  
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Kristín og Jonni ætla að halda stofutónleikaröð vítt og breitt um Norðurland eystra þar sem þau flytja frumsamin lög sín við minna þekkt kvæði eftir Kristján frá Djúpálæk. Leitast verður við að fanga tíðarandann sem ríkti við gerð kvæðanna og öll áhersla lögð á notalegheit, samveru og nánd. Á milli laga flytja þau fróðleik um tilvist ljóðanna, tilfinningar skáldsins og fara með áheyrandann í andlegt ferðalag. Í lok tónleika verður tónleikagestum boðið upp á gamaldags kvöldkaffi og spjall.

### UMSÆKJANDI: MARTIN JUERG MEIER DERCOURT

VERKEFNI - ANDLIT GRENIVÍKUR  
UPPHÆÐ STYRKS 234.000 KR.

Creating Portraits of the people in the municipality of Grenivik.  
Showing the portraits in an installation that moves and symbols the changing constellation of individuals in relation to each other.  
Encourage everyone to take part and see myself as an artist as part of the community.

### UMSÆKJANDI: MARÍA PÁLSDÓTTIR

VERKEFNI - DU SA VEL JA? EINLEIKUR UM ÖNNU C. SCHIÖTH  
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Hver var konan á bak við Lystigarðinn á Akureyri? Einleikur um Önnu Catrinu Schiöth sem flutti til Íslands 22 ára með manni sínum sem fékk vinnu sem bakari hjá Höphner kaupmanni. Mögnuð kona sem við þurfum að kynnast betur.

### UMSÆKJANDI: PETZ SLF.

VERKEFNI - LEIKLISTARSKÓLI DRAUMALEIKHÚSSINS  
UPPHÆÐ STYRKS 930.600 KR.

Draumaleikhúsið hefur undirbúning að því að verða leikfélag unga fólksins, með námskeið og sýningar. Markmið Draumaleikhússins er að verða vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-23 ára, bæði í framhaldsskóla, eftir framhaldsskóla eða utan hans. Námskeiðin munu leggja áherslu á persónuefningu, sköpun og vera krefjandi á sviði leiklistar. Þar verður lögð áhersla á sýningar í annarlök þar sem sögulegir atburðir eru settir á svið.

Til hliðar við þessa starfsemi opnar Draumaleikhúsið dyr fyrir 67 ára og eldri með skemmtilegum námskeiðum.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: VILHJÁLMUR BERGMANN BRAGASON

VERKEFNI - AÐFÖR - OFSÓKNIR OG ÖNNUR ÁHUGAMÁL ÞJÓÐAR  
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

9 árum eftir að Útför sló í gegn og kom Vandræðaskáldum á kortið snúa þau aftur, beittari, myndari og fallettri en nokkru sinni fyrr. Revían Aðför-Ofsóknir og önnur áhugamál þjóðar, fjallar um margs konar aðfarir í íslensku samfélagi. Aðförina að íslenskunni, menningunni, gildum okkar, sjálfsmynd og atvinnumöguleikum, aðfarir að skoðunum, merkilegum og ómerkilegum og því að vera alltaf „að fara“ að gera eitthvað.

### UMSÆKJANDI: CYNTHIA ULRIKE HUNG-HSIEU STIMMING

VERKEFNI - WOMEN'S ANDRÝMI & TRADITIONS  
UPPHÆÐ STYRKS 524.000 KR.

Workshops will be run over the year 2024, that share the accumulated knowledge and traditions of women from different cultural backgrounds; specifically Cooking techniques, Health and Self Care forms, Parenting, Ecological Construction and Sustainability and Bio-sustainable Gardening.

These workshops will be run by Women's Andrými & Tradition group members as well as guest lecturers, some from overseas.

### UMSÆKJANDI: ERLA DÓRA VOGLER

VERKEFNI - SKOFFÍN OG SKRINGILMENNI  
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Hnoðri í norðri kynnir glænýja íslenska kabarettskotna öróperu - Skoffín og skringilmenni! Húmor, galsi og glamúr með dassi af nettum hryllingi einkenna þessa sýningu, en efniviður er sóttur í hinn skemmtilega og stórundarlega íslenska þjóðsagnaarf. Sýningin er farandsýning sem sýnd verður fyrir unglingastig (8.-10. bekk) í öllum grunnskólum á Norðurlandi eystra.

### UMSÆKJANDI: FLÓRA MENNINGARHÚS EHF.

VERKEFNI - PASTEL OG REYNIVIÐURINN  
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR.

Pastel og Reyniviðurinn eru eigin menningarverkefni í Menningarhúsi í Sigurhæðum, þar sem leitt er saman yngra og eldra listafólk til frumsköpunar bókverka, listaverka og til viðburðarhalds. Sérstök áhersla er á það að veita yngra listafólki og nýbúum tækifæri til listsköpunar og skapa vettvang til tengslamyndunar.

### UMSÆKJANDI: FJALLASALIR SES.

VERKEFNI - LISTSÝNINGAR Í PÁLSHÚSI 2024  
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

Fyrirhugað er að sýna valin verk úr safneign Listasafns Fjallabyggðar en til þessa hefur safneignin aðeins verið aðgengileg á netinu fyrir utan nokkurra sérsýninga. Með tilkomu myndlistarsals Pálshúss er komin aðstaða til að sýna verkin reglulega í heimabyggð og gefa heimamönnum jafnt sem öðrum unnendum íslenskrar myndlistar kost á skoða verkin.

### UMSÆKJANDI: AÐALSTEINN ÞÓRSSON

VERKEFNI - SUMARLISTAMENN EINKASAFNSINS 2024 - SÝNINGARRÖÐ  
UPPHÆÐ STYRKS 450.300 KR.

Sumarið 2024 munu tveir ungir myndlistamenn með sérstaka tengingu við umhverfi og náttúru dvelja, vinna og sýna afrakstur vinnu sinnar í Einkasafninu í Eyjafjarðarsveit. Við köllum þá Sumarlistamenn Einkasafnsins. Hverjum þeirra býðst 10 daga dvöl við einfaldar aðstæður í 15m<sup>2</sup> rými í skógi vöxnu gildragi, til að vinna verk fyrir 10 daga sýningu, í og við safnið. Síðastliðin þrjú sumur hafa sjö landspekkir myndlistamenn tekið áskoruninni og lokið verkefninu með glæsibrag. Nú á að gera enn betur.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: STEINUNN ARNBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR

VERKEFNI - TÓLF TÓNA KORTÉRIÐ 2024  
UPPHÆÐ STYRKS 1.200.000 KR.

Á TÓLF TÓNA KORTÉRINU fá forvitin eyru að upplifa tón- og hljóðsmíðar sem kynnu að vera tormeltar í stórum skömmtum. Tónlistarfólk á Norðurlandi fær vettvang til að semja og fremja tónlist á korterslögum tónleikum, þar sem nálgast má tónlistina nánast eins og skúlptúr. Frábær stund fyrir eyru á öllum aldri og allri lögun til að hittast og upplifa ný hljóð og tónlist innan um sýningar Listasafnsins á Akureyri!

### UMSÆKJANDI: ÞÓRHILDUR ÖRVARSDÓTTIR

VERKEFNI - OKKAR UPPÁHALDS ÞJÓÐLÖG  
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR.

Söngkonurnar Ragnheiður Gröndal og Þórhildur Örvarsdóttir sameina krafta sína í nýju tónlistarverkefni þar sem íslensk þjóðlög og rímur verða í forgrunni. Þær munu nálgast hina fornu tónlist Íslendinga á nýstárlegan og skapandi hátt og halda nokkra tónleika sumarið 2024. Með þeim á tónleikunum verða organistinn Eyþór Ingi Jónsson og gítarleikarinn Guðmundur Pétursson, auk kvæða- og kórafólks.

### UMSÆKJANDI: KÖNNUNARSÖGUSAFNIÐ EHF.

VERKEFNI - LANDKÖNNUNARHÁTÍÐ Í 10 ÁR  
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

Landkönnunarhátíð og verðlaun Leifs Eiríkssonar fara fram á Húsavík í tíunda skipti í október 2024. Á hátíðina mæta landkönnuðir, vísindafólk, stjórnmalafólk og fjölmiðlar víðs vegar að úr heiminum og er horft bæði til fortíðar og framtíðar. Yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni er EARTHRISE og verður sjónum beint að því hvaða rödd landkönnuðir og geimfarar geta talað með sína sérstæðu sýn á jörðina okkar, í baráttu fyrir umhverfisvernd og vitund.

### UMSÆKJANDI: JONNA JÓNBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR

VERKEFNI - SVÖNG RUSLATRÖLL  
UPPHÆÐ STYRKS 523.000 KR.

Svöngu Ruslatröllin eru skemmtilegar verur sem elska að borða rusl. Skúlptúrarnir eru úr þrjónaefnum sem prýða upphengdar ruslatunnur og eru hvatning til að halda umhverfinu hreinu. Ruslatröllin eru kjörin í hreyfiratleiki og ná frá Glerárgötu og upp gilið að Andarpollinum. Á merkingu við hverja veru er QR kóði sem vísar veginn. Svöngu ruslaverurnar sem hafa verið á ruslatunnum í bænum síðastliðin þrjú ár hafa verið eitt helsta myndefni ferðamanna, en þær eru forverar Ruslatröllanna.

### UMSÆKJANDI: BRYNJA BALDURSDÓTTIR

VERKEFNI - 2ND NORTHERN LIGHTS - FANTASTIC FILM FESTIVAL  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Northern Lights - Fantastic Film Festival er árleg kvikmyndahátíð með vöggum á Akureyri. Hátíðin sýnir um 40-50 stuttmyndir en auk kvikmyndasýninga eru haldnir viðburðir fyrir kvikmyndagerðarfólk með það markmið að hvetja höfundu kvikmyndaverka til að sækja innblástur í íslenskan þjóðsagnaarf. Ýmsir fjölbreyttir "fantastic" þematengdir viðburðir eru einnig haldnir samhliða hátíðinni og munu ungir sem aldnir geta tekið þátt og sótt viðburði hátíðarinnar.

### UMSÆKJANDI: AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - MENNSKA BÓKASAFNIÐ  
UPPHÆÐ STYRKS 356.000 KR.

Það er ómetanlegt að geta miðlað mismunandi reynslu í formi samtals. Á árinu 2024 stefnir Amtsbókasafnið á Akureyri að því að halda tvo viðburði þar sem lánaðar eru út Mennskar bækur. Á Mennska bókasafninu gefst tækifæri til þess að spjalla við einstaklinga sem standa frammi fyrir ólíkum og mögulega mjög framandi áskorunum eða vinna við ólík störf og heyra þeirra hlið með þeirra eigin orðum. Dæmi um bókatitla: ADHD, Trans, Femínisti, Flóttamaður, Listamaður, Öryrki.



## MENNING

### UMSÆKJANDI: ESPERANZA Y. PALACIOS FIGUEROA

VERKEFNI - BOREAL SCREENDANCE FESTIVAL 2024

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Boreal er alþjóðleg hátíð tileinkuð dansmyndum sem haldin er á Akureyri. Fyrsta útgáfa hennar fór fram í nóvember 2020 í Mjólkurbúðinni í Listagilinu. Hátíðin skapar sviðspall til kynningar á dansmyndum með markmiðið að skeyta saman inn- og erlendu listafólki, byggja brýr og hvetja til samstarfs. Fjórða útgáfa Boreal verður haldin 6.-19. nóvember 2024 í Listasafninu á Akureyri, Deigluinni og Mjólkurbúðinni.

### UMSÆKJANDI: JÓN HAUKUR UNNARSSON

VERKEFNI - MANNFÓLKIÐ BREYTTIST Í SLÍM 2024

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

„Mannfólkið breytist í slím“ er óhagnaðardrifið menningarverkefni í formi fjöllistahátíðar sem nær hámarki með stórviðburði 25.-27. júlí 2024. Mannfólkið hefur breyst í slím árlega síðan 2018. Helsta markmið verkefnisins er að auðga menningarlífið norðan heiða með því að skapa sterka hefð fyrir metnaðarfullri menningardagskrá innan grasrótar og jaðarmenningar á Akureyri, skipulagðri af listafólki sumar hvert með sérstaka áherslu á frumsköpun og svæðisbundna menningu.

### UMSÆKJANDI: HEIMSKAUTSGERÐI Á RAUFARHÖFN

VERKEFNI - „HÁVAÐI VIÐ HEIMSKAUTSGERÐIÐ“ - VINNUHEITI HEIMILDARMYNDAR

UPPHÆÐ STYRKS 1.139.750 KR.

„Hávaði við Heimskautsgerðið“ er tónlistarmynd um hljómsveitina Skálmöld og glæsilega tónleika þeirra við Heimskautsgerðið á Melrakkaslétu. Sveitin hefur fyrir löngu getið sér gott orð á heimsvísu fyrir kraftmikið víkingarokk - og snýr á heimaslóðir til þess að halda risatónleika á Melrakkaslétu, við Heimskautsgerðið rétt utan við Raufarhöfn. Það er norðlenska framleiðslufyrirtækið Castor Miðlun sem framleiðir myndina - sem unnin er fyrir alþjóðlegan markað.

### UMSÆKJANDI: AÐALHEIÐUR S EYSTEINSDÓTTIR

VERKEFNI - INTO LISTAHÁTÍÐ

UPPHÆÐ STYRKS 1.020.000 KR.

INTO er listamannarekin hátíð sem Aðalheiður S. Eysteinsdóttir (IS) stendur að ásamt Will Owen (US) og Arnari Ómarssyni (IS). Markmið með hátíðinni er fyrst og fremst samtali listafólks og hugsanlegt samstarf á stað og stund eða í framhaldi af INTO 2023. Eins og vitað er magnast ótrúlega skapandi stemning við það eitt að ólíkt skapandi fólk mætist með opinn huga og tilbúið í að verða fyrir áhrifum hvort af öðru. INTO er þrjáringur og verður því aftur í Alþýðuhúsinu 2027.

### UMSÆKJANDI: UMSKIPTINGAR EHF.

VERKEFNI - TÖFRABÆKURNAR

UPPHÆÐ STYRKS 1.800.000 KR.

Töfrabækurnar eru brúðuleikhús þar sem unnið er með þjóðsögur. Hugmyndin er að með tímanum verði hægt að velja um nokkrar bækur sem innihalda eina sögu hver. Áhorfendur velja þá sögu sem þau vilja heyra en þegar bókin opnast breytist hún í leikmynd fyrir söguna og þær persónur sem koma fram verða tvívíðar brúður sem stjórnað verður ofan frá. Tveir leikarar stjórna brúðum og sjá um allan leik og lifandi tónlistarflutning.

### UMSÆKJANDI: HRINGLEIKUR – SIRKUSLISTAFÉLAG

VERKEFNI - SÆSKRÍMSLIN

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Sæskrímslin er götuleikhússýning af stærri gerðinni sem frumflutt verður á Listahátíð í Reykjavík 2024 og í framhaldi sýnd um land allt, m.a. á Húsavík. Sæskrímsli rísa úr sæ og ganga á land í þessari draumkenndu og um leið ágengu sýningu sem höfðar til breiðs áhorfendahóps. Innblástur verksins verður fenginn úr þjóðsagnaarfi Íslendinga. Sýnendur verksins eru sirkuslistafólk í samstarfi við ungmenni af svæðinu. Sirkushópurinn Hringleikur og Pilkington Props standa að verkinu.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: GILFÉLAGIÐ

VERKEFNI - SAMLAGIÐ, SKÖPUNARVERKSTÆÐI  
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Samlagið, sköpunarverkstæði er metnaðarfullt félag listamanna með það að markmiði að gera menningar- og listiðkun ungmenna aðgengilega og ákjósanlega á Norðurlandi. Samlagið stendur fyrir frístundanámskeiðum fyrir börn og unglinga og er unnið innan veggja Gilfélagsins á Akureyri.

### UMSÆKJANDI: BAKKASYSTUR EHF.

VERKEFNI - GRÁSLEPPAN – MATARUPPLIFUN  
UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR.

Verkefnið gengur út á að þróa menningu og matarupplifun sem vekur athygli á Bakkafirði og um leið gera grásleppu og sögu grásleppuveiða góð skil. Grásleppuveiði hefur lengi verið mikilvægur þáttur fyrir samfélagið á Bakkafirði og er samofin sögu staðarins. Matarmenningarhátíðin Grásleppan var haldin í fyrsta skipti fyrr á þessu ári, og var hún einstaklega vel heppnuð og vakti athygli fyrir nýstárlega nálgun.

### UMSÆKJANDI: REBEKKA KRISTÍN GARÐARSDÓTTIR

VERKEFNI - ALLIR RATA UM NORÐURLANDSINS SKÓGA!  
UPPHÆÐ STYRKS 250.000 KR.

Áhugasamir einstaklingar um aukna útveru í skógarperlum Norðurlands vinna nú ótullega að því að merkja helstu hlaupa- og gönguleiðir svo allir geti valið sér leið við hæfi án þess að hafa heimsótt skóginn áður. Við alla innganga skógarins eru kort sem sýna mismunandi langa hringi sem eru í boði sem merktir eru með litum eftir erfiðleikastigi.

### UMSÆKJANDI: EIKI HELGASON EHF.

VERKEFNI - BRAGGAPARKIÐ NÁMSKEIÐ  
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Braggaparkið verður með regluleg námskeið á hjólabrettum og hlaupahjólum fyrir krakka og fullorðna frá 6 ára og upp úr. Planið er að hafa 3 tegundir af námskeiðum: Byrjenda námskeið, Námskeið fyrir lengra komna og svo námskeið sem er breytilegt. Skipt verður á milli hjólabretta og hlaupahjóla milli mánaða. Einnig ætlum við að bjóða bæjarfélögum á NA landi uppá að við mætum til þeirra með ferða rampinn okkar og lánsbretti og höldum Hjólabrettanámskeið.

### UMSÆKJANDI: LAUMULISTASAMSTEYPAN, FÉLAGASAMTÖK

VERKEFNI - LAUMULISTASAMSTEYPAN 2024  
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR.

Laumulistasamsteypan er bæði árleg gestavinnustofa og samvinnunet listamanna. Í gestavinnustofunni bjóðum við hópi listamanna að koma til Hríseyjar og vinna að sameiginlegu verkefni. Laumulistasamsteypan var stofnuð árið 2014 og fagnar því 10 ára afmæli á árinu 2024. Í tilefni þess verður útgangspunktur verkefnisins TÍMI. Við munum leika okkur með prentformið í gegnum teikningar, skapandi skrif, arkíf og ljósmyndir og skrásetja á listrænan hátt það sem á sér stað í Samsteypunni.

### UMSÆKJANDI: HEIMSKAUTSGERÐI Á RAUFARHÖFN

VERKEFNI - ACTIVATE THE ARCTIC HENGE - TÓNLEIKAR Í HEIMSKAUTSGERÐINU  
UPPHÆÐ STYRKS 2.023.550

Í nyrsta þorpi Íslands, Raufarhöfn, er stærsta útilistaverk landsins. Þar, innan höfuðátta víðáttunnar og einstakrar birtu, verða haldnir mikilfenglegir tónleikar með íslensku hljómsveitinni Skálmöld. Heimskautsgerðið er gríðastaður fyrir alla, óháð trú eða öðrum lífsskoðunum, þar sem fólk getur komið og tengst frumkröfunum og hlaðið batteríin. Heimskautsgerðið er ekki einungis magnað mannvirki og minnisvarði um forna og nýja tíma, heldur líka kvikt og lifandi fyrirbæri.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: BERJADAGAR, FÉLAG UM TÓNLISTAHÁTÍÐ

VERKEFNI - BERJADAGAR TÓNLISTARHÁTÍÐ 2024  
UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR.

Berjadagar tónlistarhátíð, berjadagar.is, var stofnuð árið 1998 með orðin „Náttúra og listsköpun“ að leiðarljósi. Listrænn stjórnandi frá 2013 er Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari. Berjadagar er fjölskylduvæn tónlistarhátíð sem fram fer 14.-17. júní nk. með tónleikum og viðburðum sem tengjast m.a. Þjóðhátíð Íslendinga. Ólafsfjörður er menningarbær með frábært tónleikahús og náttúrufegurð staðarins gerir hann þess virði að heimsækja og njóta frábærra tónleikahúsa bæjarins.

### UMSÆKJANDI: HILMA STEINARSDÓTTIR

VERKEFNI - STOFUTÓNLEIKAR Á BJARMALANDI  
UPPHÆÐ STYRKS 490.500 KR.

Verkefnið Stofutónleikar á Bjarmalandi veitir íbúum tækifæri til að njóta listar frá framúrskarandi tónlistarfólki. Eyðibýlið Bjarmaland á Langanesströnd fær nýtt hlutverk, sem lítið menningarsetur en þar næst fram einstaklega heimilisleg og notaleg stemning.

### UMSÆKJANDI: LANGANESBYGGÐ

VERKEFNI - VELKOMINN TIL HAFNAR!  
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

VELKOMINN TIL HAFNAR! – Menningarlandslag Langanesstrandar í leik og yndi. Langanesbyggð, í samstarfi við Skógræktarfélagið Lurk á Bakkafirði, ætla að koma upp yndisreit með útilistaverkum á Hafnartanganum. Útilistaverkin verða úr rekavið, skapa leikhvetjandi umhverfi fyrir börn og hafa margvíslega vísun í menningarlandslag Langanesbyggðar. Fengin verður hagleiksmanneskja í verkið, til að þróa, hanna, og smíða verkin út frá grófum hugmyndum íbúa.

### UMSÆKJANDI: MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - TÓNAFLÓÐ UNGA FÓLKSINS - SMÍÐJUR OG TÓNLEIKAR Á SAFNI  
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR.

Í tengslum við sýninguna Tónlistarbærinn Akureyri verða haldnir viðburðir fyrir börn og ungmenni frá 0-20 ára. Á sýningunni Tónlistarbærinn Akureyri fá þátttakendur að skapa, dansa, flytja og hlusta á tónlist.

### UMSÆKJANDI: FLÓRA MENNINGARHÚS EHF.

VERKEFNI - MENNINGARHÚS Í SIGURHÆÐUM: RAFRÆN MENNINGARMIDLUN  
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

Menningararfi Sigurhæða er nú þegar miðlað til almennings í formi innsetninga og ítarmappa á staðnum. Nú verður rafrænni miðlun menningararfsins bætt við og staðurinn þannig gerður aðgengilegur mun fleirum í gegnum internetið. Slík miðlun er mikilvæg, líka vegna þess að staðsetning hússins gerir aðgengi erfitt eða ómögulegt fyrir hreyfihamlaða. En líka vegna þess að rafræn miðlun gerir það að verkum að hægt er að dýpka reynslu heimsóknna með for- og eftirvinnslu, til dæmis fyrir nemendahópa.

### UMSÆKJANDI: ÞEKINGARNET ÞINGEYINGA

VERKEFNI - GLUGGI ÚT Í HEIM - AÐ HEIMAN OG AFTUR HEIM  
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Gluggi út í heim: Að heiman og aftur heim er sögu- og ljósmyndaverkefni þar sem rætt er við 12 einstaklinga af erlendum uppruna sem búsettir eru á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga og hafa verið undanfarin ár. Þeir segja frá bernsku og uppvexti í heimalandinu, persónulegri lífsreynslu, síðum, venjum, menningu og viðburðum sem tilheyra heimalandi þeirra. Lagt er upp með tilteknar spurningar til að laða fram sögur sem eru upplýsandi fyrir íbúa á svæðinu og myndu auka skilning og virðingu.

## MENNING

### UMSÆKJANDI: STARKAÐUR SIGURÐARSON

VERKEFNI - GRÆNNI ÞÓRSHÖFN  
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

Grænni Þórshöfn er verkefni sem snýst um að breyta auðum svæðum á Þórshöfn í græn svæði á áhugaverðan og skapandi hátt.

### UMSÆKJANDI: ÞEKINGARNET ÞINGEYINGA

VERKEFNI - MENNINGARMÍÐLUN  
UPPHÆÐ STYRKS 1.300.000 KR.

Fjöldi erlendra íbúa í Norðurþingi hefur aukist verulega síðustu ár. Með þeim kemur mismunandi menning, matarhefðir, trú og ný sýn á daglegar athafnir og þar liggja tækifæri til að víkka sjóndeildarhring okkar hinna og kynnast annarri menningu, hefðum, trú, matargerð, lífssýn og áherslum. Markmið verkefnisins er að tengja saman íbúa svæðisins og skapa grundvöll til að kynna sig og sín heimalönd fyrir öðrum og auðvelda nýjum erlendum íbúum svæðisins að aðlagast samfélaginu.

### UMSÆKJANDI: MENNINGARMÍÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

VERKEFNI - SKRÍMSLISSAGA ÚR HÉRAÐI - MIÐLUN Á MÁNÁRDÝRINU  
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR.

Markmið verkefnisins Skrímslissaga úr héraði - miðlun á Mánárdýrinu er að fræða nemendur um sanna sögu ungs drengs á Tjörnesi í upphafi 20. aldar sem sér óþekkta kynjaskepnu. Að miðla á áhugaverðan hátt hvernig umhverfi, veðurfar og óbeisluð náttúran hefur áhrif á ímyndun og upplifanir svo til verða áhugaverð skrímsli í eigin umhverfi, sem leiðir svo til fræðslu um breytingar í kjölfar iðnvæðingar. Að lokum er verkefnið hvatning til að skoða umhverfið í gegnum söguna, með listina að leiðarljósi.

### UMSÆKJANDI: ALEJANDRA G. SOTO HERNANDEZ

VERKEFNI - HARVEST FESTIVAL  
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR.

The Harvest Festival will be a community-focused event which will promote education on organic agricultural practices in Iceland and how the regenerate Icelandic soil and agricultural lands. It will provide a very diverse program of activities for individuals and families to enjoy in a farm setting.

# STYRKHAFAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRA 2024

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR



## UMSÆKJANDI: ALPÝÐUHÚSIÐ Á SIGLUFIRÐI, FÉLAGASAMTÖK

VERKEFNI - MENNINGARSTARF Í ALPÝÐUHÚSINU Á SIGLUFIRÐI 2024  
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

Alpýðuhúsið á Siglufirði hefur staðið fyrir margþættu menningarstarfi á ársgrundvelli frá 2012. Þar er starfrækt galleríð Kompan, listrænn stjórnandi er Aðalheiður S. Eysteinsdóttir. Í kompunni eru 7 - 9 sýningar á ári. Í sal hússins eru settar upp að jafnaði þrjár listahátíðir, Leysingar, Frjó og Skafli, 2024 bætist við listahátíðin INTO. Í alrými hússins er boðið til Sunnudagskaffi með skapandi fólki þar sem ýmsir aðilar úr samfélaginu kynna sín störf. Einnig eru listasmiðjur og móttaka áhugahópa.

## UMSÆKJANDI: FÉLAG UM ÞJÓÐLAGASETUR BJ.ÞORST

VERKEFNI - REKSTUR LJÓÐASETURS ÍSLANDS  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Þjóðlagasetrið á Siglufirði er í Maðdömuhúsinu, elsta húsi Siglufjarðar. Í því bjó Bjarni Þorsteinsson og safnaði efni í bók sína, Íslensk þjóðlög frá 1906. Þjóðlagasetrið opnar heim íslenskra þjóðlaga fyrir gestum sínum. Þar er hægt að horfa á fólk allsstaðar að af landinu á öllum aldri syngja og kveða, leika á gömul íslensk hljóðfæri og dansa þjóddansa. Þá gefst gestum færi á að prófa að leika á langspil og íslenska fiðlu.

## UMSÆKJANDI: FÉLAG UM LJÓÐASETUR ÍSLANDS

VERKEFNI - REKSTUR LJÓÐASETURS ÍSLANDS  
UPPHÆÐ STYRKS 1.200.000 KR.

Markmiðið með Ljóðasetri Íslands er að kynna íslenska ljóðlist fyrir innlendum sem erlendum gestum með lifandi hætti og gera komandi kynslóðir meðvitaðar um mikilvægi ljóðsins í menningu okkar og sögu. Ljóðasetrið hefur verið starfrækt síðan 2011. Það er opið yfir sumartímamann en á öðrum tímum er tekið á móti hópum með fræðslu, ljóðalestri og söng og viðburðir haldnir. Á sumrin eru lifandi viðburðir kl. 16.00 alla opnunardaga. Helstu skáld landsins hafa komið fram á setrinu auk heimamanna.

## UMSÆKJANDI: FRÆÐAFÉLAG UM FORYSTUFÉ

VERKEFNI - FRÆÐASETUR UM FORYSTUFÉ  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Fræðasetur um forystufé er málsvari forystufjár, þar er safnað saman þeim upplýsingum sem til eru um forystufé, að tilstuðlan þess er unnið að rannsóknum á forystufé og kynningar á því.

Forystufé er einstakur stofn á heimsvísu, hvergi til annars staðar en hér á landi. Hreinræktaðir einstaklingar eru um 1.200 og er stofninn undir þeim mörkum sem kallast í útrýmingarhættu. Forystufé er ein af arfleifð þjóðarinnar og ber okkur að vernda hann.

### UMSÆKJANDI: MYNDLISTARFÉLAGIÐ

VERKEFNI - MJÓLKURBÚÐIN SALUR MYNDLISTARFÉLAGSINS  
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR.

Myndlistarfélagið sér um rekstur Mjólkurbúðarinnar en markmið Myndlistarfélagsins er að standa fyrir öflugum sýningahaldi í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri. Að kynna félagsmenn með félagasýningum, efla innra starf félagsins með upptökum, smiðjum, listamannspjalli og fræðslu. Stuðla að bættu tengslaneti meðal myndlistarmanna á Norðurlandi og gera þá sýnilegri. Félagið stendur fyrir þremur félagasýningum á ári en í félaginu eru nú rúmlega 80 félagsmenn.

### UMSÆKJANDI: KAKTUS, MENNINGARFÉLAG

VERKEFNI - KAKTUS, LISTA OG MENNINGARRÝMI  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.00 KR.

Kaktus er listhópur sem rekur eigið listarými á Akureyri. Tilgangur Kaktuss er að bjóða upp á fjölbreytta menningarstarfsemi úr hinum ýmsu listgreinum og styðja við grasrót lista og menningar á Akureyri. Frá því í apríl 2015 hefur Kaktus staðið að og hýst á fimmta hundruð listviðburða af fjölbreyttum toga. Listamenn víðsvegar af landinu sem og erlendis frá hafa haldið sýningar, tónleika og staðið fyrir fjölbreyttri listsköpun undir merkjum Kaktusar og ungir listamenn stigið þar sín fyrstu spor.

### UMSÆKJANDI: HEIMSENDI - MENNINGARFÉLAG ÓSKARSSTÖÐ

VERKEFNI - ÓSKARSBRAGGI STAÐARPRÝÐI  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Síldarverbúðinni-bragganum Óskarsstöð hefur í gegnu þetta verkefni verið forðað frá þeirri glötun sem nærri lá og gert upp, enn vantar þó lítilræði á að húsið sé frágengið en því miðar vel og starfsemi er nú að taka flugið með spennandi verkefnum.

Í Óskarsstöð fer fram menningarstarfsemi, listamiðstöð, sem þjónar bæði heimamönnum og heiminum. Hentar öllum sem hafa ástríðu og neista fyrir náttúrunni, lífinu og listinni. Fólk þyrstir í að vita, læra og reyna og hér gefst kostur á því.

### UMSÆKJANDI: LISTAHÓPURINN RÖSK

VERKEFNI - RÖSK RÝMI, LISTHÓPURINN RÖSK  
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Sérstaða RÖSK RÝMI og starfsins sem fer fram þar er sú að rýmið er vel til þess fallið að halda uppi grasrótastarfi, kynningum, námskeiðum, listasmiðjum og sýningum af öllu tagi. Sýnileikinn um glugga gerir það að verkum að hægt er að sjá sýningar í RÖSK RÝMI á öllum tímum sólahringsins. RÖSK býður upp á að gestalistamenn, innlendir og erlendir, geti starfað tímabundið í rýminu og kynnt starf sitt. Sú vinna sem fer fram í RÖSK RÝMI er mjög sýnileg og gestir velkomnir þegar listamenn eru að störfum.

### UMSÆKJANDI: VERKSMIÐJAN Á HJALTEYRI

VERKEFNI - VERKSMIÐJAN Á HJALTEYRI - DAGSKRÁ 2024  
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

Verksmiðjan stendur fyrir lifandi listastarfsemi með þá sérstöðu að vera hvort tveggja í senn verkefnarými þar sem að listin verður til, og um leið áhugaverður sýningarstaður. Hún gerir listafólki kleift að bæði framleiða og sýna verk í skapandi rými um leið og hún færir aftur líf í einstaka byggingu. Listin er flutt úr stað af hinum hefðbundna sýningarstað, út í náttúruna og inn í óvenjulegt hús. Það má segja að þarna renni saman: listin, öðruvísi arkitektúr, saga, samfélag og fallett umhverfi.

# UPPBYGGING TIL FRAMTÍÐAR

Það er bæði hvetjandi og gleðilegt að sjá öll þessi metnaðarfullu verkefni sem hljóta styrk úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands eystra árið 2024. Það er áberandi hversu vel verkefnin endurspeglar fjölbreytni og fjölbærni landshlutans. Hvert verkefni felur á sinn hátt í sér frumkvöðlahugsun, seiglu, og vilja til að efla landshlutann okkar til framtíðar.

Sóknaráætlanir landshlutanna eru landshlutunum dýrmætt verkfæri og er vert að þakka bæði innviðaráðuneytinu og menningar- og viðskiptaráðuneytinu fyrir þeirra þátttöku í sóknaráætlununum. Þeirra sýn og þeirra stuðningur hefur sannarlega skipt máli þegar kemur að því að fóstara atvinnulíf, nýsköpun og menningu um allt land.

Það er ekki hjá því komist að nýta þetta tækifæri til að hvetja önnur ráðuneyti til að stíga inn í sóknaráætlanasamningana á sama hátt og innviðaráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti hafa gert. Með því að taka höndum saman mætti margfalda áhrifin og árangurinn af sóknaráætlununum, og opna ný tækifæri um land allt á sviði viðkomandi ráðuneyta.

Sameiginlega getum við gert svo miklu meira og saman getum við stuðlað að enn meiri vexti og sjálfbærni landshlutanna. Hvert og eitt okkar fær svo tækifæri á nýju ári til að leggja okkar að mörkum, en á næsta ári verður unnið að nýrri Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra og verða þá fjölmörg tækifæri fyrir íbúa á Norðurlandi eystra til að koma að því að móta stefnu landshlutans til næstu fimm ára. Ég hvet ykkur öll til að taka þátt í því með okkur þegar þar að kemur.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem hafa lagt sitt að mörkum í þessu ferli; umsækjendum, fagraðum, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra, og síðast en ekki síst starfsfólki SSNE sem hefur haldið utan um ferlið frá a-ö.

**LÁRA HALLDÓRA EIRÍKSDÓTTIR**

*Formaður stjórnar SSNE*



# UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS EYSTRA 2024



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS EYSTRA



**SSNE**  
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar  
á Norðurlandi eystra